

17. NÓVEMBER
2022

HARPA
ELDBORG

Sinfónískir dansar

RAUÐ TÓNLEIKARÖÐ



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverks.

Tímalengd verka:

Yfirráðandi kyrrð 10'

Þríkonsert fyrir fiðlu, selló, bajaran og hljómsveit 36'

Sinfónískir dansar 34'

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Sinfónískir dansar

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Olari Elts

Hljómsveitarstjóri

Baiba Skride

Harriet Krijgh

Martynas Levickis

Einleikarar

Páll Ragnar Pálsson

Yfirráðandi kyrrð (2012)

Sofia Gubaidulina

Þríkonsert fyrir fiðlu, selló, bajaran og hljómsveit
(2017, frumflutningur á Íslandi)

Hlé

Sergei Rakhmanínov

Sinfónískir dansar (1940)

Non allegro

Andante con moto (Tempo di valse)

Lento assai – Allegro vivace – Lento assai. Come
prima – Allegro vivace

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is.



Olari Elts

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Eistneski hljómsveitarstjórinn Olari Elts hefur vakið mikla athygli fyrir áhugaverða tónleika með óvenjulega samsettum efnisskrám en hann hefur frá árinu 2020 verið aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitarinnar í Eistlandi. Elts hefur stjórnað hljómsveitum á borð við Gewandhaushljómsveitina í Leipzig, Dönsku þjóðarsinfóníuna og Finnsku útvarpshljómsveitina og hvarvetna hlotið mikið lof fyrir túlkun sína. Á meðal helstu samverkamanna hans í tónlistinni má nefna Jean-Efflam Bavouzet, Isabelle Faust, Martin Grubinger, Stephen Hough og Baibu Skride.

Hann hefur hljóðritað fjölda geisladiska, meðal annars verk eftir Erkki-Sven Tüür og Heino Eller fyrir Ondine-forlagið, Sinfóníu nr. 5 eftir Poul Ruders fyrir Bridge Records og tónlist Kalevi Aho fyrir BIS útgáfuna.

Elts hefur einnig stjórnað fjölmörgum óperum, meðal annars Évgéní Ónegin, Don Giovanni og Idomeneo. Einnig var hann aðalgestastjórnandi Fílharmoníusveitar Helsinki á árunum 2011–2014 og Skosku kammersveitarinnar á árunum 2007–2010. Elts hefur einu sinni áður stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikum, árið 2003 og var Víkingur Heiðar Ólafsson þá einleikari.



Baiba Skride

Einleikari

Lettneski fiðluleikarinn Baiba Skride hefur leikið með flestum helstu hljómsveitum heims, meðal annars Berlínarfílharmóníunni, Gewandhaus-hljómsveitinni í Leipzig, Sinfóníuhljómsveitunum í Boston og Chicago, Fílharmóníusveit New York og þannig mætti lengi telja.

Á liðnu tónleikaári kom Skride meðal annars fram í Evrópuferð Sinfóníuhljómsveitarinnar í Boston, þar sem leikið var í Elbphilharmonie í Hamborg, á Proms-tónlistarhátíðinni í Royal Albert Hall, Musikverein í Vínborg og Fílharmóníunni í París. Vorið 2019 frumflutti hún nýjan fiðlukonsert eftir Sebastian Currier og hún hefur margsinnis flutt verk Gubaidulinu, Offertorium og Þríkonsertinn, á undanförunum árum.

Skride fæddist í Riga og tilheyrir tónlistarfjölskyldu. Faðir hennar er kórstjóri og móðir hennar píanóleikari auk þess sem tvær systur hennar hafa einnig lagt tónlistina fyrir sig. Hún hreppti fyrstu verðlaun í Queen Elisabeth-keppninni í Brussel árið 2001 og í kjölfarið vakti hún heimsathygli fyrir leik sinn. Hún leikur á Stradivarius-fiðlu frá árinu 1724 sem áður var í eigu ísraelska fiðluleikarans Yfrah Neaman.



Harriet Krijgh

EINLEIKARI

Hollenski sellóleikarinn Harriet Krijgh lærði við Tónlistarháskólann í Vínarborg og einnig við Kronberg-akademíuna hjá Frans Helmerson. Sjálf hefur hún kennt sellóleik við Tónlistarháskólann í Vínarborg frá árinu 2017.

Krijgh hefur leikið með fjölda hljómsveita í Evrópu, meðal annars Fílharmoníusveit Lundúna og Academy of St.-Martin-in-the-Fields. Hún tók þátt í að frumflytja þríkonsert Gubaidulinu fyrir fiðlu, selló, bajaran og hljómsveit vorið 2017 og hefur flutt verkið m.a. í Boston, Hanover, París og Utrecht. Krijgh tók við af Janine Jansen sem listrænn stjórnandi Kammertónlistarhátíðarinnar í Utrecht árið 2017. Hún hlaut fyrstu verðlaun á sellótvíæringnum í Amsterdam árið 2012 og hefur hljóðritað fjölda diska fyrir Capriccio-plötuforlagið. Hún leikur á selló sem var smíðað af Giovanni Paolo Maggini árið 1620.

Á morgun á tónleikum í Föstudagsröð Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Norðurljósum gefst áheyrendum tækifæri til að kynnast fiðluleikaranum Baibu Skride og sellóleikaranum Harriet Krijgh í samhengi kammertónlistar sem þær stunda af miklu listfengi.



Martynas Levickis

EINLEIKARI

Litháfski harmóníkuleikarinn Martynas Levickis er margverðlaunaður tónlistarmaður og á meðal eftirsóttustu konsertharmóníkuleikara heims um þessar mundir. Hann byrjaði að spila þriggja ára á harmóníku, hóf formlegt harmóníkunám átta ára gamall heima í Litháen, nam síðar við Konunglegu tónlistarakademíuna í Lundúnum og í San Sebastián í Baskahéraði. Levickis hefur komið fram með hljómsveitum á borð við Sinfóníuhljómsveitina í Birmingham, Gewandhaushljómsveitina í Leipzig og allar helstu hljómsveitir heimalandsins, haldið einleikstónleika um víða veröld og spilað inn á fjölda platna. Hann vakti mikla athygli þegar hann gaf út plötu hjá Decca Classics útgáfunni, fyrstur harmóníkuleikara, árið 2013 en platan rataði inn á klassíska topplista í Bretlandi.

Samhliða annasömum sólóferli fæst Levickis við kennslu, tónsmíðar, hljómsveitarstjórn og listræna stjórnun af ólíku tagi.



Yfirráðandi kyrrð hljómar í fyrsta sinn á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í kvöld en verkið hljómaði fyrst hérlendis árið 2013 í flutningi strengjasveitarinnar Skark.

Páll Ragnar Pálsson

YFIRRÁÐANDI KYRRÐ

Yfirráðandi kyrrð var pantað af tónlistarhátíðinni Eistneskir tónlistardagar (Estonian Music Days) þar sem það var frumflutt af Kammersveit Tallinn undir stjórn Risto Joost árið 2013. Í framhaldi var það valið sem framlag Eistlands á alþjóðlega tónskáldþingið í Prag og á ISCM hátíðina í Ljubljana 2015. Verkið hefur síðar hljómað á fjölmörgum tónleikum hérlendis og erlendis og kom árið 2017 út á fyrstu hljómplötu Páls Ragnars, Nostalgiu.

Um verk sitt skrifar Páll Ragnar:

„Yfirráðandi kyrrð var samið árið 2012. Þá hafði ég búið í Eistlandi í fimm ár og öll þau áhrif sem ég hafði þangað að sækja voru komin í fulla virkni. Þarna hafði ég drukkið í mig sögu landsins, sérstaklega Sovéttímanna og svo var ég í tónsmíðanámi þar sem hugmyndir mínar um tónlist mótuðust í gegnum samtal við Helenu Tulve, kennara minn. Eitt sumarið ferðuðumst við fjölskyldan um norðaustur Eistland. Það var áhrifarík reynsla þar sem ég sá vel hversu þjagað umhverfið var eftir það sem á undan hafði gengið. Landið var sundurgrafið eftir námagröft með heilu öskufjöllin glóandi að innan, hálfótóm þorp inni í skógi þar sem var búið að loka einu verksmiðjunni á svæðinu. Í einum bænum var úraníum-mengað vatn nálægt ströndinni.

Við enduðum bíltúrin í Kuremäeöklaustri rétttrúnaðar-kirkjunnar, fallegum stað þar sem frænka Tui, konunnar minnar, er nunna. Hún sagði við okkur að þarna væru athafnir sjö sinnum á sólarhring, sálmar sungnir á hverjum klukkutíma og bænir öllum stundum. Hún bætti við að svona hefði þetta verið í hundrað og tuttugu ár og þess vegna grei allt svo fallega á þessum slóðum.

Þessar hugleiðingar rata allar inn í verkið sem byrjar með látum. Orkuflæði sem dvínar og vex á víxl þangað til það

nær hámarki og byrjar þá að vinda ofan af sér eins og sameindir sem leita jafnvægis. Í lokin er sálmur.“

Páll Ragnar Pálsson (f. 1977) lauk doktorsnámi í tónsmíðum frá Eistnesku tónlistarakademiunni í Tallinn árið 2014 en áður hafði hann numið við Listaháskóla Íslands, auk þess sem hann lék um árabíl með rokkhljómsveitinni Maus þangað sem að vissu leyti má rekja hugmyndir hans um hljóð. Í tónsmíðum sínum sækir Páll í austur-evrópska tónsmíðahefð og verkum hans má lýsa sem organísku línulaga umbreytingaferli með sterkum andlegum undirtón.

Á fjölbreyttum verkalista hans eru kammerverk, kórtónlist og hljómsveitarverk auk útsetninga fyrir hljómsveit. Fiðlukonsert Páls, Nostalgia, hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin árið 2013 og samnefnd plata kom út sumarið 2017 hjá Smekkleysu. Páll Ragnar hlaut aðalverðlaun fyrir sellókonsertinn Quake á alþjóðlega tónskáldaþinginu International Rostrum of Composers sem haldið var í Búdapest í maí 2018. Páll Ragnar er í stjórn Tónskáldafélags Íslands og er aðjúnkt í tónsmíðum og fræðum við tónlistardeild Listaháskóla Íslands.



Þetta er í fyrsta sinn sem Prikonsert fyrir fiðlu, selló, bajaran og hljómsveit hljómar á tónleikum á Íslandi.

Sofia Gubaidulina

PRÍKONSERT FYRIR FIÐLU, SELLÓ, BAJAN OG HLJÓMSVEIT

Sofia Gubaidulina er fædd í Kristópól í Tatarlýðveldinu í þáverandi Sovétríkjunum árið 1931. Hún er eitt eftirsóttasta og virtasta tónskáld okkar tíma og margverðlaunuð fyrir sitt einstaka og merkilega framlag til samtímatónlistar. Má þar nefna Léonie Sonning-verðlaunin árið 1999, Polarverðlaunin árið 2002, Evrópsku menningarverðlaunin árið 2005, Gyllta ljónið í Feneyjum árið 2013 og heiðursdoktorsnafnbætur við Yale- og Chicago-háskóla.

Gubaidulina hóf nám í píanóleik og tónsmíðum í Kazan en þangað flutti fjölskyldan þegar hún var ung að árum. Hún hélt rúmlega tvítug til Moskvu þar sem hún stundaði nám í tónsmíðum við Konservatoríuna á árunum 1954 til 1963. Tónlist Gubaidulinu þótti of sérviskuleg og róttæk til að hún fengist flutt í Sovétríkjunum, óhefðbundin hljóðfæraskipan og tóntegundastillingar, flóknar og safaríkar takt- og hljómapælingar og ekki síst hinn trúarlegi þráður sem einkennt hefur tónsköpun hennar frá fyrstu tíð voru harðlega gagnrýnd; framan af vann hún fyrir sér með því að semja tónlist við kvikmyndir samhliða því að halda áfram að þróa sinn tilraunakennda og frjálssa tónheim fyrir skúffuna. Árið 1975 stofnaði hún ásamt félögum sínum spunahljómsveitina Astreja þar sem hljómsveitarmeðlimir léku á sjaldgæf þjóðlagahljóðfæri frá Rússlandi, Kákasus og Mið-Asíu en tónlistarsköpun þeirra hlaut heldur ekki náð fyrir augum sovéskra stjórnvalda.

Árið 1980 markaði tímamót á ferli Gubaidulinu en frá því ári er meistaraverkið Offertorium, fiðlukonsert sem hinn heimsþekkti fiðluleikari Gidon Kremer tók upp á sína arma og átti eftir að flytja um víða veröld. Í verkinu renna saman áhrif úr ólíkum áttum, blæbrigðarík tónlist Antons Webern, stefjaefni frá J.S. Bach og hljóðheimur rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar en verkið var frumflutt í Vínborg árið 1981. Í kjölfarið tók heimurinn við sér og pantanir frá virtum tónlistarhópum og einleikurum tóku að berast

Gubaidulinu. Árið 1991 sagði hún skilið við heimahagana og settist að í Þýskalandi þar sem hún hefur verið búsett síðan.

Tónlist Gubaidulinu sprettur úr djúpri andlegri leit; í gegnum tónlistina getur manneskjan tengst almættinu og sínum innsta og dýrmætasta kjarna um leið. Vísanir og tákn eru samofin tónheiminum, gjarnan dulspekileg eða trúarleg (kross, hin heilaga þrenning) auk þess sem víðfeðmur bókmennaáhugi hennar endurspeglar meðal annars í tónlist við ljóð eftir fornegyptska og persneska höfunda. Hljóðheimurinn er einstakur; safaríkir hljómaklasar, míkrotónar og frumleg og fersk hljóðfæranotkun þar sem hún blandar saman hljóðfærum og hljóðheimi vesturs og austurs, áhrifum frá Bach, Ives, Webern og Cage, raftónlist, hljóðheimi rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar og þjóðlagatónlist svo eitthvað sé nefnt. Skynjun hennar á tíma og takti er sömuleiðis einstæð og lýtur innri lögmálum, í stað þess að notast við hefðbundna taktgjafa býr hver tónsmíð yfir sínum eigin tíma, oft hægum, spunakenndum og seigfljótandi þar sem ólík stefjabrot og hljómar bráðna saman og skapa þá hugleiðslukenndu en á sama tíma þaulhugsuðu tónlist sem hefur hrifið hlustendur um allan heim.

Sofia Gubaidulina fagnaði nírhæðisafmæli sínu á síðasta ári og heldur ótrauð áfram að semja tónlist þrátt fyrir háan aldur. Þríkonsert fyrir fiðlu, selló, bajaran og hljómsveit sem hér hljómar er eitt af hennar nýjustu verkum, frumfluttur árið 2017 af Sinfóníuhljómsveitinni í Boston undir stjórn Andris Nelsons en einleikarar voru fiðluleikarinn Baiba Skride, Harriet Krijgh á selló og Elsbeth Moser á rússneska takka-harmóníku. Konsertinn var saminn fyrir áeggjan Moser en þær Gubaidulina eiga að baki langt og frjótt samstarf.

Konsertinn er í einum samfelldum þætti þar sem talan þrír (hin heilaga þrenning) gegnir lykilhlutverki hvað varðar form, hljómauppbyggingu og rannsóknir á yfirtónasköllum. Þríkonsertinn er mögnuð tónsmíð sem heldur hlustandanum í heljargreipum frá fyrstu nótu og til hinnar síðustu, heilög og hyldjúp þar sem hver einasta nóta er þrungin merkingu og tengir okkur kraftinum sem býr innra með okkur öllum.



Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur þrisvar sinnum flutt Sinfóníska dansa Rakhmanínovs, síðast fyrir réttum fimm árum, í nóvember 2017 þegar Yan Pascal Tortelier stýrði flutningi sveitarinnar í Eldborg. Áður hljómuðu þeir í Eldborg haustið 2011 þar sem Gennadij Rostestvenskíj stýrði flutningi og í Háskólabíói árið 1997 undir stjórn Benharðs Wilkinsonar.

Sergei Rakhmanínov

SINFÓNÍSKIR DANSAR

Sinfónískir dansar voru frumfluttir af hinni rómuðu Fíladelfíusveit í janúarbyrjun 1941 undir stjórn Eugene Ormandy en verkið var tileinkað hinum ungversk-bandaríska hljómsveitarstjóra. Dönsunum var tekið með kostum og kynjum af áheyrendum í Fíladelfíu, standandi lófataki í Carnegie Hall nokkrum vikum síðar og innan tveggja ára höfðu þeir verið fluttir af flestum helstu sinfóníuhljómsveitum Bandaríkjanna, í Cleveland, Chicago og Minneapolis og Fílharmóníusveitinni í New York.

Rakhmanínov (1873 – 1943) var 67 ára gamall þegar hér var komið sögu og fyrir margt löngu orðinn goðsögn í lifanda lífi sem einn eftirsóttasti og dáðasti konsertpíanóleikari heims. Einleikaraferillinn hófst fyrir alvöru í kjölfar rússnesku byltingarinnar 1917 þegar hann, ásamt milljónum Rússa, flúði land og settist að í Bandaríkjunum en Rakhmanínov átti aldrei eftir að stíga fæti á rússneska grund þaðan í frá. Fram að þeim tíma hafði hann fyrst og síðast litið á sig sem tónskáld líkt og afköstin á sviði tónsmíða bera vott um en á árunum 1897 til 1917 samdi hann flest af sínum lykilverkum; þrjá píanókonserta, tvær sinfóníur, tónaljóð, ógrynni einleiksverka fyrir píanó, söngljóð, stór kórverk og þrjár óperur. Eftir landflóttann 1917 ákvað Rakhmanínov, þá 45 ára gamall, að helga sig einleikaraferlinum en með því móti sá hann fram á að geta séð fjölskyldu sinni farborða. Við tók ævintýralegt en krefjandi líf konsertpíanistans með löngum tónleikaferðalögum og tilheyrandi álagi, lítið sem ekkert tóm gafst til tónsmíða en frá árinu 1917 og til dauðadags 1943 átti Rakhmanínov aðeins eftir að semja sex tónverk, þar á meðal Rapsódíu um stef eftir Paganini (1934) og Sinfóníska dansa (1940).

Sinfónískir dansar voru að megninu til samdir á um það bil einum mánuði, sumarið 1940 þegar Rakhmanínov

dvaldi ásamt fjölskyldu sinni í sumarfrí á Long Island. Um haustið tóku við tónleikaferðalög um Bandaríkin þar sem sólistinn nýtti hverja lausa stund til að reka smíðshöggið á verkið en hljómsveitarútsetning var fullgerð í október 1940.

Dansarnir eru þrír, fullir af ólgandi lífi, spennu og blæbrigðum. Sá fyrsti hefur yfir sér hermannlegt yfirbragð sem vikur um miðbikið fyrir meiri mýkt og ljóðrænu í fallegu sólói fyrir altsaxófón en þetta var í fyrsta og eina sinn sem Rakhmanínov samdi fyrir saxófóninn, hljóðfæri sem var þá tiltölulega nýtt á hinum sífóníska vettvangi. Þátturinn ber hina sérstæðu yfirskrift non allegro sem gæti vísað í hvort tveggja hraða og inntak, sum sé ekki gáskafullt eða glaðlegt. Í lok kaflans er að finna tilvitnun í upphafsstef fyrstu sífóníu Rakhmanínovs, verk sem var frumflutt í St. Pétursborg árið 1897 og fékk svo herfilega útreið að hinn sjálfsgagnrýni, stundum ofurviðkvæmi Rakhmanínov sókk í djúpt þunglyndi og lagði tónsmíðarnar alfarið á hilluna í um þrjú ár. Sífónían hafði aðeins hljómað einu sinni opinberlega, árið 1897 og aldrei meir á meðan tónskáldið var á lífi svo ljóst er að fáir ef nokkrir áheyrendur í Bandaríkjunum könnuðust við þetta laumulega, ævisögulega samhengi sem Rakhmanínov setti verkið þar með í.

Annar þátturinn er heillandi vals þar sem stutt er í undirliggjandi ógn og drunga, litirnir dökkir og safaríkir. Í kraftmiklum lokþættinum fléttast tónvefnaðurinn hvort tveggja í kringum hið áhrifaríka Dies Irae stef úr Sálumessu kaþólskra og tilvitnun í Náttöngva, hið stórkostlega kórverk Rakhmanínovs frá árinu 1915 en um miðbik þáttarins tekur að hljóma stef úr þættinum Blagosloven yeci, Gospodi; stefin tvö fléttast saman og takast á þar til sigurviss lofgjörð til almættis og upprisú nær yfirhöndinni.

Elísabet Indra Ragnarsdóttir

18.11 FÖSTUDAGUR
Kl. 18:00



Æskuverk með Baibu og Harriet

Á þessum tónleikum í Föstudagsröð Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Norðurljósum annað kvöld hljóma tvö innblásin æskuverk fyrir strengjaoktett eftir ólík tónskáld sem þó áttu það sameiginlegt að vera undrabörn á sviði tónsmíða: Mendelssohn og Shostakovitsj. Um leið gefst áheyrendum tækifæri til að kynnst fiðluleikaranum Baibu Skride og sellóleikaranum Harriet Krijgh í samhengi kammertónlistar sem þær stunda af miklu listfengi.

01.12 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Aðventutónleikar Sinfóníunnar

Á aðventutónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands hljóma bæði þekktar barokkperlur og faldir fjársjóðir tónlistarsögunnar, en stjórnandinn Jonathan Cohen er einn fremsti barokkstjórnandi Bretlands af yngri kynslóðinni. Í upphafi hljómar forleikurinn að óperunni Talestri eftir Maríu Antoníu Walpurgis, prinsessu af Bæjaralandi, áður en þær Vera Panitch og Steiney Sigurðardóttir (Dúó Edda) leika hinn víðfræga tvíleikskonsert Antonios Vivaldi í B-dúr fyrir fiðlu og selló. Enski kontratenórinn Tim Mead kemur einnig fram á tónleikunum en hann er meðal fremstu söngvara á sínu sviði í heiminum í dag og syngur meðal annars hina gullfallegu aríu Ombra mai fu úr óperunni Xerxes. Tónleikunum lýkur á einni dádústu sífóníu Mozarts, sífóníu nr. 40 í g-moll.

17.12 LAUGARDAGUR
Kl. 14:00 & 16:00

18.12 SUNNUDAGUR
Kl. 14:00 & 16:00



Jólatónleikar Sinfóníunnar

Sannkölluð hátíðarstemning ríkir jafnan á Jólatónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands og eru þeir á meðal vinsælustu tónleika sveitarinnar. Á tónleikunum í ár hljómar fjölbreytt tónlist sem hefur verið ómissandi í jólahaldi í gegnum tíðina. Einsöngvararnir Alexander Jarl Þorsteinsson, Björk Nielsdóttir og Kolbrún Völkudóttir ásamt Stúlknakór Reykjavíkur, Litlu sprotunum og Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar flytja sígildar jólaperlur. Dansarar úr Listdanskóla Íslands svifa um Eldborg og hljóðfærahópar skipaðir ungu tónlistarfólki stíga á stökk. Kynnir á tónleikunum er trúðurinn Barbara, leikinn af Halldóru Geirharðsdóttur. Þetta eru tónleikar sem ekkert jólabarn má láta framhjá sér fara.

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Vera Panitch
Emma Steele
Rannveig Marta Sarc
Pálína Árnadóttir
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir
Chen-Jui Hu
Pétur Björnsson
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Amalie Kjaeldgaard
Lin Wei
Andrzej Kleina
Joanna Bauer
Hildigunnur Halldórsdóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. fiðla

Páll Palomares
Gunnhildur Daðadóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Kristján Matthíasson
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Þórdís Stross
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Justyna Bidler
Hlín Erlendsdóttir
Kateryna Mysechko
Gróa Margrét Valdimarsdóttir

Víola

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Guðrún Hrund Harðardóttir
Steina Kristín Ingólfssdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Kathryn Harrison
Sarah Buckley
Anna Elísabet Sigurðardóttir
Eyjólfrur Bjarni Alfreðsson

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Margrét Árnadóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Júlía Mogensen
Guðný Jónasdóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Þórdís Gerður Jónsdóttir

Bassi

Xun Yang
Jacek Karwan
Páll Hannesson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Sólveig Magnúsdóttir
Björg Brjánsdóttir (piccolo)
Martial Nardeau (piccolo)

Óbó

Julia Hantschel
Peter Tompkins
Matthías Nardeau

Klarínnett

Grímur Helgason
Finn Schofield
Rúnar Óskarsson

Saxófónn

Sigurður Flosason

Fagott

Kayetan Cyganski
Bryndís Þórsdóttir
Dagbjört Ingólfssdóttir
Brjann Ingason

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Jakob Keiding
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Constantin Glaner
Thomas Gimse

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson
Øyvind Lapin Larsen

Básúna

Sigurður Þorbergsson
Carlos Caro Aguilera

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Nimrod Ron
Tom Yaron Meyerson

Harpa

Katie Buckley

Píanó/Celesta

Helga Bryndís Magnúsdóttir

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson
Helgi Þorleiksson
Maarja Nuut

Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri
Halla Oddný Magnúsdóttir
lístrænn ráðgjafi
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Jökull Torfason
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri

Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Dagrún Hálfánardóttir
mannauðsstjóri
Svanhvít Hrólfssdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
umsjónarmaður nótna
Sigþór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Guðmundur Andrés Erlingsson
sviðs- og tæknimaður



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Aðventutónleikar Sinfóníunnar

VIVALDI, HÄNDEL OG MOZART

01.12 | 19:30

MÍÐASALA Í HÖRPU OG SINFONIA.IS